

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar vegna Arnarlands.

Skipulagsstofnun staðfesti 16. maí 2025 breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 sem samþykkt var í bæjarstjórn 6. mars 2025.

Í breytingunni felst að verslunar- og þjónustusvæði 3.37 VÞ á Arnarneshálsi er skilgreint sem miðsvæði 3.37 M. Á svæðinu er gert ráð fyrir uppbyggingu verslunar- og þjónustustarfsemi með áherslu á heilsutengda starfsemi auk 400-500 íbúða. Auk þess er mörkuð stefna um legu borgarlínu um svæðið til nánari útfærslu í deiliskipulagi.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 16. maí 2025.

Ólafur Arnason.

B-deild – Útgáfudagur: 16. maí 2025